

Húsavík 9. nóvember 2023

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um fjárlög 2024 v/Hraðið miðstöð nýsköpunar og FabLab Húsavík

Undanfarin 3 ár hefur Hraðið miðstöð nýsköpunar rekið frumkvöðlasetur innan þekkingar- og nýsköpunarklasans STÉTTARINAR í miðbæ Húsavíkur. Miðstöðin er rekin á grunni samnings við HVIN og samhliða því fullbúin FabLab-smiðja í sama húsnæði. Við stofnun og uppbyggingu Hraðsins og FabLab Húsavík, hefur verið unnið með beinni vísan til stefnumörkunar stjórnvalda um innviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í byggðum landsins.

Áform um rekstur Hraðsins miðstöðvar nýsköpunar og FabLab Húsavík hafa öll gengið eftir og starfsemin verið kraftmikil. Fyrirgreindur samningur við HVIN hefur myndað grunnfjármögnun sem síðan er byggt ofan á aðra tekjustofna, s.s. útleigu rýma til frumkvöðla, fyrirtækja og sveitarfélaga, viðburðahald, sölu þjónustu og styrkumsóknir í samkeppnissjóði. Nú er svo komið að samningur Hraðsins við HVIN er að renna út og ekki hefur tekist að fá svar ráðuneytis um hvort framhald verði á. Erindi þess efnis var fyrst sent HVIN 6. júlí og hefur verið ítrekað reglulega eftir það.

Erindi 1:

Í fjárlagafrumvarpinu 2024 finnast engar upplýsingar um framlag til Hraðsins og ekki hefur tekist að fá staðfestingu frá ráðuneytinu um hvort samningar verði endurnýjaðir. Með þessu erindi er leitað til fjárlaganefndar um að tryggja áframhaldandi fjármögnun Hraðsins með framlagi að upphæð 20 mkr. (sama upphæð og árin 2021-2023). Ljóst er að án þessa framlags brestur rekstrargrundvöllur miðstöðvarinnar og lokun verður óhjákvæmileg. Framlagið hefur hingað til verið greitt af fjárlagalið 17-528. Hraðið er rekið sem deild innan Þekkingarnets Þingeyinga kt. 670803-3330.

Erindi 2:

Samkvæmt Yfirliti 6, [Styrktar- og samstarfssamingar](#), kemur fram í lið 20.10 að þekkingarsetur á landsbyggðinni sem fjármagna og reka FabLab smiðjur fá framlag MRN (4 mkr. og 6 mkr.) greitt beint til sín. Þrátt fyrir að Hraðið hafi frá upphafi alfarið séð um fjármögnun og rekstur FabLab Húsavík og án nokkurrar aðkomu framhaldsskólanna hefur orðið viðsnúningur á fyrirkomulagi greiðslna hjá ráðuneytinu árið 2023 þar sem framlagið skal nú greiðast til Framhaldsskólans á Húsavík og Framhaldsskólans á Laugum en ekki til Hraðsins líkt og áður. Skólameistarar beggja skóla og forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga hafa sent ítrekaðar beiðnir til MRN um að þessu verði breytt, enda hafa framhaldsskólarnir enga aðkomu að fjármögnun eða rekstri FabLab Húsavík. Ekki hefur verið orðið við þeim beiðnum og er því hér leitað til fjárlaganefndar um leiðréttingu á þessum lið. Þ.e. að framlag Hraðsins (4 mkr.) v/ 2023 skuli greiðast beint til Hraðsins en ekki til Framhaldsskólans á Húsavík og Framhaldsskólans á Laugum. Er það í samræmi við greiðslur til annarra þekkingarsetra sem reka FabLab smiðjur á Íslandi.

Virðingarfyllst,



Lilja B. Rögnvaldsdóttir
Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga



Stefán Pétur Sólveigarson
Verkefnisstjóri Hraðsins miðstöðvar nýsköpunar